



15. október 2018

Kröfugerð VR

gagnvart samtökum atvinnurekenda vegna kjarasamninga 2018

Markmið

Markmið með gerð kjarasamninga milli VR og atvinnurekenda er að rétta hlut þeirra lægst launuðu og auka ráðstöfunartekjur allra félagsmanna. VR leggur áherslu á að sanngirni verði höfð að leiðarljósi við endurskoðun launabáttar kjarasamninga. Því er mikilvægt að brugðist verði við því misræmi sem sjá má í launabróun þeirra hæst launuðu í þjóðfélaginu og annarra starfsmanna á vinnumarkaði, sem m.a. má rekja til ákvörðunar kjararáðs árið 2016.

Aðkoma stjórnvalda

VR telur mikilvægt að gera kjarasamning til þriggja ára. Friður á vinnumarkaði skapar svigrúm til leiðréttingar á kjörum hinna lægst launuðu og tækifæri fyrir launafólk, atvinnurekendur og stjórnvöld til að endurskoða þá grundvallarþætti sem félagsmenn VR líta til sem forsendu mannsæmandi lífs – húsnæðiskerfið, skattakerfið og velferðarmálin.

Ljóst er að stjórnvöld þurfa að koma að gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, m.a. með því að endurskoða persónuafslátt og tekjutengingar með hagsmuni hinna lægst launuðu í huga. Félagsmenn VR gera kröfu um skattleysi lægstu launa, lækkun vaxta og afnám verðtryggingar á neytendalán.

Launaliður kjarasamninga

VR gerir þá kröfu að lágmarkslaun fyrir dagvinnu dugi fyrir mannsæmandi lífi en lægstu laun eru í engum takti við það sem þarf til lágmarksframfærslu. VR telur mikilvægt að taka sérstakt tillit til stöðu þeirra sem hafa lægstu launin og leggur því til samið verði um krónutöluhækkun.

- VR gerir kröfu um kr. 42.000 hækkun frá og með 1. janúar 2019 þannig að lágmarkslaun verði kr. 342.000. Öll laun hækki um kr. 42.000.
- VR gerir kröfu um kr. 42.000 hækkun frá og með 1. janúar 2020 þannig að lágmarkslaun verði kr. 384.000. Öll laun hækki um kr. 42.000.
- VR gerir kröfu um kr. 41.000 hækkun frá og með 1. janúar 2021 þannig að lágmarkslaun verði kr. 425.000. Öll laun hækki um kr. 42.000.
- VR gerir kröfu um að orlofs- og desemberuppbætur hækki í samræmi við almennar launahækkunar samkvæmt kjarasamningi.



Endurskoðun taxta kjarasamninga

Mikilvægt er að taka taxtakkerfi kjarasamninga VR og atvinnurekenda til gagngerrar endurskoðunar en nánast allir grunntaxtar í samningum eru undir lágmarkstekjutryggingu. VR gerir þá kröfu að launataxtar endurspegli laun á vinnumarkaði og að enginn taxti verði undir lágmarkslaunum.

Laun starfsfólks undir 20 ára aldri

VR krefst þess að breytingar á launatöxtum byrjunarlauna í kjarasamningum 2015 verði afturkallaðar og að launataxtar byrjunarlauna verði færðir til sama horfs og áður, þ.e. að byrjunarlaun miði við 18 ára aldur en ekki 20 ára, í samræmi við lög nr. 86 frá 2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Stytting vinnuvikunnar

Vinnutími á Íslandi er mun lengri en í nágrannalöndum okkar og mun lengri en kveðið er á um í kjarasamningum. Afleiðingar langs vinnutíma og meira álags á vinnumarkaði má m.a. sjá í fjölgun veikindatílfella.

VR gerir þá kröfu að vinnuvika félagsmanna verði stytt, án launaskerðingar í 35 stundir. Til að slík stytting skili sér í styttri viðveru starfsfólks á vinnustað eða við vinnu er mikilvægt að tryggja sveigjanleika í útfærslu styttingar á hverjum vinnustað fyrir sig.

Lífeyrisréttindi

Í kjarasamningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 21. janúar 2016 var samið um að hækka mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði úr 8% í 11,5%. VR gerir þá kröfu að launafólk hafi fullt val um ráðstöfun þessarar hækkunar í séreignarsparnað, samtryggingu eða til niðurgreiðslu húsnæðislána.

Veikindaréttur

VR gerir þá kröfu að launagreiðslur vegna veikinda og slysa verði samræmdar og launagreiðslur vegna vinnuslysa verði þær sömu og vegna veikinda, þ.e. að launafólk fái greidd föst og reglubundin laun. Jafnframt gerir félagið þá kröfu að skerðingar vegna aldurs á bótum fyrir varanlega örorku verði felldar niður enda ganga þær gegn ákvæðum laga nr. 86 frá 2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.

VR leggur áherslu á að veikindaréttur vegna barna nái til barna og ungmenna allt að 18 ára aldri. Þá leggur VR til að veikindaréttur vegna barna verði útvíkkaður til að mæta veikindum maka og foreldra félagsmanna. Þessi krafa hefur lengi verið uppi á borðum samtaka launafólks en verður æ brýnni m.a. í ljósi þess að lífaldur hefur lengst.

Þá ítrekar VR þá kröfu félagsins að allur kostnaður vegna komugjalda og læknisvottorða verði greiddur af atvinnurekenda, ef hann óskar eftir vottorði vegna veikinda.



Réttindi eldra starfsfólks á vinnumarkaði

Fara þarf sérstaklega yfir stöðu starfsfólks 70 ára og eldri á vinnumarkaði sem ekki greiðir lengur iðgjald í lífeyrissjóð og fær heldur ekki mótframlag atvinnurekenda. VR gerir þá kröfu að atvinnurekendur tryggi að mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð skili sér í hækkun launa til eldra starfsfólks eða verði ráðstafað á annan þann hátt sem er í samræmi við vilja þess.

Húsnæðismál

VR leggur áherslu á að brugðist verði við þeim bráða húsnæðisvanda sem margt launafólk býr við. Samkvæmt tölum Íbúðalánasjóðs frá því í september sl. hefur vísitala íbúðaverðs hækkað um 99% frá því í janúar árið 2011 og vísitala leiguverðs um 91%. Framboð nýrra íbúða á viðráðanlegu verði er ekki í takt við eftirspurnina og framboð leiguíbúða er nánast ekkert. Fáir geta staðið undir þeim miklu hækkunum sem einkennt hafa húsnæðismarkaðinn á Íslandi á síðustu árum.

Við þessu verður að sporna og auka húsnæðisöryggi. VR leggur til að stofnað verði óhagnaðardrifið húsnæðisfélag og verði fjámögnun þess tryggð í kjarasamningi. Slíkt félag gæti verið fyrsta skrefið að þjóðarsátt á húsnæðismarkaði þar sem stjórnvöld og sveitarfélög sem og fyrirtæki og fólkið í landinu taki höndum saman.

Starfsmenntamál

Síðustu ár hefur verið unnið að fagnámi á framhaldsskólastigi fyrir starfandi verslunarfólk og er það í samræmi við kröfur VR fyrir síðustu kjarasamninga. Námið mun byggja á einstaklingsbundnu raunfærnimati þar sem kunnátta og hæfni er metin til framhaldsskólaeininga á mótí kenndum áföngum en auk þess verður hluti námsins á vinnustað í verklegum brautaráföngum.

Haustið 2019 er fyrirhugað að bjóða námið sem tilraunaverkefni í samstarfi við fyrirtæki í smásöluverslun sem verði síðan grundvöllur að innleiðingu þess fyrir verslunarfólk sem uppfyllir skilyrði námsins. VR gerir þá kröfu að nám þetta verði metið til launa.

Þá gerir VR jafnframt kröfu um að félagsmenn með erlent ríkisfang fái að sækja íslenskunám á vinnutíma og án launaskerðingar.

Aðrar kröfur

Starfsfólk í ferðaþjónustu

VR ítrekar mikilvægi þess að fara sérstaklega yfir kjör starfsfólks í ferðaþjónustu. Brýnt er að taka sérkjarasamning vegna starfsfólks í gestamóttöku hótela og gististaða til gagn Gerrar endurskoðunar og gera sérkjarasamning um laun og önnur réttindi annars starfsfólks í greininni. Skilgreina verður störf og tryggja að þekking og kunnátta starfsfólks, sem gerð er krafa um í atvinnugreininni, skili sér í hærri launum.



VR gerir þá kröfu að ...

- Áunnin réttindi félagsmanns færast óskert milli atvinnurekenda. Hér er um að ræða rétt félagsmannsins vegna veikinda og orlofs sem hann hefur áunnið sér á vinnumarkaði.
- Sveigjanleiki í orlofstöku verði aukinn til að koma til móts við kröfur félagsmanna um vetrarfrí en sú krafa er orðin hávær meðal félagsmanna VR.
- 1. maí verði stórhátíðardagur.
- Ágreiningur, sem uppi hefur verið varðandi ávinnslu orlofs eftir 5 ára starf hjá fyrirtæki, verði leystur.
- Atvinnurekendur auki stuðning sinn við heilsueflingu starfsfólks í forvarnarskygni, enda er slíkt beggja hagar.
- Aukinn sveigjanleiki verði veittur starfsfólki sem er nærri starfslokum, til dæmis með styttri vinnutíma, sveigjanlegri viðveru eða heimild til að halda áfram vinnu fram yfir lífeyrisaldur.
- Lágmarksvinnutími á virkum dögum verði 4 klst. eins og um helgar og aldrei verði greitt fyrir skemmri tíma, þó unnið sé skemur.
- Uppgjörstímabil mánaðarlauna verði þannig að ekki standi eftir meira en ein vika ógreidd í hverjum almanaksmánuði.
- Launagreiðslur á rauðum dögum verði settar inn í kjarasamning með skýrari hætti en nú er.
- Farið verði sérstaklega yfir réttarstöðu starfsfólks sem er á bakvöktum, bæði hvað varðar greiðslur og útköll.
- Vinnustaðalýðræði verði innleitt á vinnustaði þannig að starfsfólk fái fulltrúa í stjórnir fyrirtækja.
- Allt launafólk beri vinnustaðaskírteini, óháð atvinnugrein.

Að öðru leyti er vísað til sameiginlegra krafna Alþýðusambands Íslands.